

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 6. tbl. 7. árg. 11. apríl

Myndir augnabliksins eru frá Lundarseli og sýna Bingó eldri og yngri borgara í Víðilundi. Samstarf hefur verið milli leikskólans og eldri borgara í dagþjónustunni í Víðilundi í tæplega 10 ár.



Notkun spjaldtölva í skólastarfi.

Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólalastjóri í Hagaskóla, hefur unnið greinargerð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur um kosti þess og hindranir að innleiða spjaldtölvur í skólastarfi í Reykjavík. Í þeim kemur m.a. fram að nauðsynlegt sé að marka stefnu um þráðlaust net í leik- og grunnskólum borgarinnar til að taka megi fyrsta skrefið í að nota spjaldtölvur og snjalltæki í skólastarfi. Þá kemur fram í greinargerð hans að spjaldtölvur séu hentug tæki í einstaklingsmiðuðu námi og að þau auðveldi fjölbreytt og sveigjanlegt nám.

Kaflir úr greinargerðinni:

Nemandi 21. aldarinnar

Eitt af flóknustu viðfangsefnum skóla er að mennta nemendur til að taka þátt í samfélagi sem við vitum ekki hvernig verður. Kröfurnar sem sibreytilegt samfélag gerir til okkar breytast og mikilvægt er að skólar og menntastofnanir aðlagi sig þessum nýju kröfum sem að einhverju leyti eru kröfur framtíðarinnar. Í dag eru engir nemendur í grunn- og leikskólum sem voru fæddir fyrir tíma internets og farsíma. Í skýrslu Institute for the Future, Future Work Skills 2020, er reynt að greina hvaða hæfni mun skipta mestu máli í samfélagi framtíðarinnar. Þar eru tíu eftirfarandi hæfnipættir nefndir:

1. Hæfni til að setja sig inn í mál og taka ákvarðanir
2. Hæfni til samskipta og félagslegrar aðlögunar
3. Hæfni til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni og fjölbreytilegar aðstæður
4. Hæfni til að búa í fjölmennarlegu samfélagi
5. Hæfni til að taka á móti og vinna úr miklu magni upplýsinga
6. Hæfni til að meta nýmiðlunarefni og að geta búið hugmyndir í þann búning
7. Hæfni til að setja sig inn í ólík og fjölbreytileg mál
8. Hæfni til að leiða mál til lykta og stjórnunarhæfileikar
9. Hæfni til að leggja mat á mikið magn upplýsinga og greina aðalatriði frá aukaatriðum
10. Hæfni til að vinna með öðrum í sýndarumhverfi

Hér má lesa skýrsluna: http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/Spjaldtoelvur_skolastarfi_les.pdf

Litla upplestrarkeppnin.

Í haust var ákveðið að efna til nýs þróunarverkefnis í 4. bekkjum grunnskólanna á Akureyri en sams konar verkefni hófst í Hafnarfirði haustið 2010 og hlaut nafnið Litla upplestrarkeppnin. Hugmyndin vaknaði þegar Stóra upplestrarkeppnin varð 15 ára og þótti tímabært að færa út kvíarnar og byggja á markmiðum Stóru upplestrarkeppninnar en þau eru að flytja móðurmálið sjálfum sér og öðrum til ánægju og hafa vandvirkni og virðingu að leiðarljósi.

Keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa að betri árangri, ekki að keppa við bekkjarfélagana heldur sjálfan sig og stefna stöðugt að því að bæta framsögn og upplestur, að verða betri í dag en í gær.

Verkefnið hefst formlega 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu, og stendur fram í apríl en þá lýkur verkefninu með hátíð í hverjum skóla. Nú í apríl verða haldnar lokahátíðir í skólunum en þar munu allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og kennurum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal. Hver og einn skóli útfærir sína hátíð og verður fyrsta hátíðin haldin þann 12. apríl í Brekkuskóla og svo verður hver hátíðin af annarri út apríl.

Fundargerðir skólanefndar.

Má lesa á vef Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/fundargerdir/skolanefnd>

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Spegluð kennsla.

Vinnudagur um speglada kennslu (flipped classroom) sem Keilir stendur fyrir í samstarfi við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Mentor, Samtök áhugafólks um skólaþróun og mennta- og menningarmálaráðuneytið verður haldinn á Ásbrú, fyrrum varnarsvæði Nato, þann 22. apríl kl. 9 – 16. Aðgangur er ókeypis. Forkólfur þessara nýju kennsluhátta, Jonathan Bergmann, fjallar þar um þær hugmyndir og aðferðir sem spegluð kennsla byggist á og mun sýna dæmi um vel heppnaða beitingu hennar á öllum skólastigum. Bæði nemendur og kennarar lýsa reynslu sinni auk þess sem þátttakendur fá tækifæri til að kanna aðferðina betur í hópavinnu.

Sjá nánar á heimasíðu Keilis: <http://www.keilir.net/is/keilir/frettir/vinnudagur-um-speglada-kennslu>

5. bekkur í Síðuskóla.

Undanfarið hefur 5. bekkur verið að vinna í landafræði Íslands þar sem námið er samþætt námi í íslensku og landafræði.

Hér má sjá nokkrar myndir af vinnu og verkefnum nemanda.

Ísland verðit til að njóta íslensku		
Orðflokkagreining		
Nafnorð	Sagwort	Lýsingarorð
Sandýkingu	bera	hátt
Jökullvötn	rena	hárða
Klettur	bjóta	hóstur



Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

Bókhlaðan okkar.

Á vefnum <http://www1.nams.is/bokhlaðan/index.html> eru fjölbreytt gagnvirk verkefni úr tíu unglingabókum. Meðal verkefna eru hraðaspurningar, segulljóð, raða í tímaröð, bókmenntapælingar, para saman og ýmis ritunarverkefni. Einnig gefst nemendum tækifæri til að hlusta á upplestur á völdum köflum úr hverri bók. Höfundur: Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Myndefni: Linda D. Ólafsdóttir.

Geisli 3B – Lausnir við nemendabók.

Lausnir við *Geisla 3B* sem er kennslubók í stærðfræði fyrir miðstig. Höfundur: Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. Myndefni: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir.

Glæstar vonir.

Glæstar vonir er í flokki bóka sem eru endursagnir á þekktum skáldsögum. Sagan er 55 bls. auk viðauka þar sem farið er í bakgrunn sögunnar, það sem sleppt er í endursögninni og ábendingar um bækur, vefsíður og kvikmyndir sem tengjast sögunni. Einnig eru nokkrar pælingar sem gott væri að hafa í huga við lestur sögunnar. Höfundur: Charles Dickens/Gill Tavner endursagði. Þýðing: Friðrik Erlingsson.

Heil og sæl.

Þemaheftið „Heil og sæl“ fjallar um heilbrigði og heilbrigða lífshætti. Heftið er einkum ætlað nemendum á unglingastigi en nýtist einnig framhaldsskólum. Heftinu er ætlað að vekja unglinga til vitundar um gildi heilbrigðra lífshátta og hvernig þeir, með eigin ákvörðunum, hafa afgerandi áhrif á eigið líf. Þá er ætlunin að stuðla að því að nemendur sjái hvernig grunnþættir menntunar mynda heild og eru vegvisar um líf og starf í nútíma samfélagi. Þó svo að heilbrigði sé í forgrunni þá tengist efnið öllum grunnþáttum menntunar og námsgreinum á borð við lífsleikni, heimilisfræði, náttúrufræði og íþróttir. Höfundar: Hafdis Helgadóttir og Helgi Grímsson.

Sjá nánar á vef Námsgagnastofnunar: <http://www.nams.is/>

Sköpun - framtíð menntunar og náms: Vinnustofa fyrir almenna kennara, listgreinakennara og náttúrufræðikennara í grunnskólum.

Haldin verður vinnustofa á vegum SRR á Menntavísindasviði HÍ þann 10. júní frá kl. 9:00 - 16:30 í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Þar upplifa þátttakendur hvernig aðstoða má nemendur við að læra um vísindi (e.science) í gegnum skapandi ferli nýsköpunar og uppfinninga. Þátttakendur munu hanna, byggja og prófa fjölbreytt líkön um leið og þeir læra hvernig halda má utan um skapandi kennslustofu. Líkönin eru búið til úr algengum efni við.

Þessar fljótlegu aðferðir frumgerða og uppfinninga gera nemendur færa um að nýta sköpunarkraft sinn við að finna lausnir á vandamálum. Nemendur bæta færni sína í rannsóknum, þjálfast í að skýra frá orsök og afleiðingu og í gagnrýnni hugsun um leið og þeir búa til og prófa líkön sem hjálpa þeim við að skilja lögmál og aðferðir eðlisfræðinnar.

Vinnustofan nýtist kennurum sem kenna nemendum í 1.-10. bekk.

Sjá nánar á: <http://kritin.is/>